

4. fundur

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps, haldinn 17.apríl 2018 kl. 15:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi.

Fundarmenn: Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð, Ólafur Jóhannesson, Borgarbyggð, Baldvin Björnsson, Hvalfjarðarsveit og Jón Einarsson, Skorradalshreppi. Sigurður Páll Harðarson, Akraneskaupstað boðaði forföll.

Fundargerð ritaði Hrafnhildur Tryggvadóttir, verkefnastjóri á Umhverfis-og skipulagssviði Borgarbyggðar.

Dagskrá

1. Dagsetningar leita 2018 í Borgarbyggð

Erindi frá Borgarbyggð þar sem Borgarbyggð óskar eftir breytingum á tímasetningum leita og rétta árið 2018 sem hér segir:

Sveitarstjórn leggur til að leitartími fyrstu leitar í Borgarbyggð haustið 2018 færist fram um eina viku á eftirtöldum svæðum skv. 15.gr. fjallskilasamþykktar nr. 683/2015:

b. Leitartími breytist á svæði Mýrasýslu, að undanskildu leitarsvæði til Fljótstunguréttar.

f. Leitartími breytist á svæði Borgarfjarðarsýslu norðan Andakilsár og Skorradalsvatns að undanskildu leitarsvæði til Rauðsgilsréttar.

j. Leitartími breytist á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár (til Kaldárbakkaréttar).

Þá leggur nefndin til að leitartími seinni leita í Borgarbyggð verði færður fram um eina viku á eftirtöldum svæðum, skv. 15. gr. fjallskilasamþykktar nr. 683/2015, sem hér segir:

c. Leitartími breytist á öllu svæðinu vestan Norðurár og Sanddalsár að Hítará; gildir um aðra og þriðju leit.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30